



Meginmarkmið og leiðir í skólastarfinu

Vellíðan nemenda

- Í samvinnu við foreldra og skólafyrirvöld er stefna Öldutúnsskóla að:
- Leggja áherslu á jákvætt og öruggt námsumhverfi þar sem nemendur fá tækifæri til að þroskast og styrkja sjálfsmynd sína. Þeir tileinki sér heilbrigða lífshætti og taki sífelld meiri ábyrgð á sjálfum sér og námi sínu eftir því sem aldur og þroski þeirra gefur tilefni til.

Leiðir

- Vinna samkvæmt kenningum Olweusar gegn einelti og andfélagslegri hegðun undir einkunnarorðunum **hlýja, umhyggja, festa**.
- Nemendaviðtöl; einkaviðtöl kennara og nemenda.
- Gagnkvæmt foreldrasamstarf. Nemendum og foreldrum mætt af virðingu og umhyggju.
- Vinna áfram eftir SMT skólafærni til að samræma viðbrögð við að styrkja jákvæða hegðun undir einkunnarorðum skólans, **virðing, vellíðan, virkni**.
- Reglulegir bekkjarfundir, hlutverkaleikir, umræður um álitamál og þjálfun í að setja sig í spor annarra.
- Kenna nemendum lýðræðisleg vinnubrögð og stunda lýðræði í skólastarfinu.
- Hollur og góður matur í boði fyrir nemendur.
- Regluleg hreyfing og útivist hluti af daglegu skólastarfi.
- Örugg gæsla á leikvöllum skólans og öðrum sameiginlegum svæðum. Yngri nemendum fylgt í íþróttir og sund.

Mæling

- Viðhorfskönnun meðal starfsmanna og foreldra.
- Olweusarkönnun í nóvember ár hvert meðal nemenda í 4. -10. bekk.

Öflugt foreldrastarf

Markmið

- Að stuðla að gagnkvæmu, traustu og árangursríku samstarfi milli heimila og skóla. Slíkt samstarf felur í sér samráð og samvinnu um nám, framkomu, umgengni innan skólans, skólabrag og áhersluatriði í skólastefnu. Stjórnendur og kennarar hafi forgöngu um eflingu foreldrasamstarfs og styðji markvisst við það.
- Að foreldrar verði ávallt virkir þátttakendur og vel upplýstir um starfsemi skólans.

Leiðir

- Reglulegir fundir skólastjóra og stjórn foreldrafélags og skólaráðs.
- Virkt samstarf umsjónarkennara og bekkjarfulltrúa úr foreldrahópi.
- Virk heimasíða.
- Regluleg útgáfa fréttabréfsins Öldubrots.
- Viðtalstímar, foreldraviðtöl og Mentor.
- Kynningafundir og heimsóknir foreldra í kennslustundir.
- Samkomur með foreldrum og nemendum.
- Fræðslufundir.

- Samvinna um forvarnir.
- Stefna um heimanám.
- Áætlun um móttöku nýrra nemenda.
- Stefna um foreldrasamstarf.

Mæling

- Viðhorfskönnun meðal starfsmanna og foreldra.

Fjölbreytt námsumhverfi

Markmið

Í samvinnu við foreldra og skólayfirvöld er stefna Öldutúnsskóla að:

- Skólafélagið mótist af vinnubrögðum sem eru áhugahvetjandi og skapandi.
- Allir nemendur í hverfinu á grunnskólaaldri séu velkomnir í skólann.
- Stundaðir séu fjölbreyttir kennsluhættir sem komi til móts við þarfir nemenda með áherslu á styrkleika þeirra.
- Veita nemendum þekkingu til undirstöðu fyrir frekara nám og starf. Þeir eflist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu sem mótist af virðingu og víðsýni gagnvart samferðafólki.

Leiðir

- Áframhaldandi þróunarstarf um fjölbreytta kennsluhætti og fjölbreytt námsmat í anda aðalnámskrár grunnskóla 2011.
- Fjölbreytt viðfangsefni á öllum sviðum.
- Krefjandi verkefni við hæfi hvers og eins.
- Sveigjanleg hópaskipting.
- Fjölbreytt framboð á valgreinum.
- Gefa nemendum kost á og aðstoða þá við undirbúning til þátttöku í margvíslegri keppni, s.s. upplestrar-, spurninga-, stærðfræði-, nýsköpunar-, söng-, skák- og smásagnakeppni.
- Áhersla á vettvangsferðir.
- Jákvætt andrúmsloft og gleði.
- Útbúa almennar kennslustofur þannig að hægt sé að vinna með fjölbreyttar aðferðir og efnivið.

Mæling

- Viðhorfskönnun meðal nemenda í 6. til 10. bekk um skólafélagið.
- Viðhorfskönnun meðal starfsmanna og foreldra.

Samstarf við grenndarsamfélagið

Markmið

- Skólinn hafi samstarf við íbúa, íþrótt- og æskulýðsfélög og sé virkur þátttakandi í samfélagslegum verkefnum, menningarviðburðum og hátíðarhöldum.
- Skólinn verði ávallt virkur samstarfsaðili við þær stofnanir sem þjóna börnum og barnafjölskyldum.
- Skólinn sé virkur þátttakandi við að útfæra samfélagslega stefnu bæjarfélagsins s.s. fjölskyldustefnu, umhverfisstefnu, heilbrigðis- og forvarnastefnu o.fl.
- **Skólinn hefur samstarf við:**
- Rauða krossinn.
- Forvarnafulltrúa.

- Hjálparstarf kirkjunnar, kirkjur og klaustur.
- Íþróttafélög.
- Skáta.
- Hverfasamtök.
- Löggæslu.
- Félagsþjónustu.
- Leikskóla.
- Framhaldsskóla.
- Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.
- Símenntunarmiðstöð Hafnarfjarðar.
- Söfn í bænum.

Fjármál

Markmið

- Starfsemi og þjónusta skólans sé samkvæmt lögum og reglugerðum, kjarasamningum, stefnu og fjárhagsáætlunum bæjaryfirvalda.²
- Skilgreint verði ábyrgðarsvið þeirra sem með fjármagn fara innan skólans.

Leiðir

- Reynt að fá fjármagn til að ná settum markmiðum.
- Aðilum sem hafa vald til að stofna til útgjalda verði gert vel ljóst hvað til ráðstöfunar er og hvernig greiðsludreifingu er háttað.
- Skólastjóri fari yfir útgjöld með þessum aðilum mánaðarlega og geri nýjar áætlanir ef með þarf og eitthvað hefur út af brugðið.
- **Mæling**
- Skoðun í stjórnendakerfi, áætlanagerð í samvinnu við fræðslu- og fjármálastjóra.

Fjármál – uppbygging í takt við þarfir skólans

Markmið

- Búnaður og húsnæði í samræmi við það sem best gerist og haldist í hendur við stefnu skólans um kennslu og kennsluhætti.

Leiðir

- Endurnýja og halda við húsnæði skólans svo það standist lög og reglugerðir og fylgi þörfum og kröfum hvers tíma um gott skólastarf.
- Húsnæði og tækjakostur fylgi nútímalegri frampróun kennsluhátta og kröfum aðalnámskrár.
- Aðkoma að skólanum sé örugg og leiksvæði séu vel afmörkuð frá umferð ökutækja.
- Húsnæðið nýtist til tómstunda- og félagsstarfa.
- Aðstaða sé góð fyrir nemendur og starfsfólk til að útbúa og/eða framreiða hollan mat og neyta hans.
- **Mæling**
- Viðhorfskönnun starfsmanna.

Vönduð stefnu- og áætlanagerð

Markmið

- Vönduð stefnu- og áætlanagerð til að marka sérstöðu skólans. Samræmdir starfshættir og upplýsingaflæði til forráðamanna, grenndarsamfélags og stjórnvalda um starfsemi skólans.
- Efla þjónustu við nemendur og foreldra.
- Gera daglegt starf skilvirkt.
- Auðvelda nýjum starfsmönnum að komast inn í starf sitt.

Leiðir

- Skilgreina hlutverk og tryggja ábyrgðarsvið hvers og eins.
- Upplýsa starfsmenn, nemendur og foreldra eftir því sem við á hverju sinni.
- Skólastefna.
- Stefna um foreldrasamstarf.
- Áætlun um móttöku nýrra nemenda.
- Skólanámskrá/bekkjanámskrá.
- Árleg endurskoðun skólanámskrár/bekkjanámskrár í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla.
- Árleg starfsáætlun og starfsskýrsla.
- Starfsmannahandbók.
- Árleg endurskoðun starfsmannahandbókar.
- Forvarnarstefna.
- Stefna um námsmat.
- Stefna um heimanám.
- Símenntunaráætlun.
- Umhverfisstefna. Umhverfisnefnd.
- Eineltisráð. Áætlun gegn einelti og andfélagslegri hegðun.
- SMT skólafærni—stefna og starfsemi lausnateymis.
- Áfallaráð. Áfallaáætlun.
- Öryggisráð. Rýmingaráætlun.
- Jafnréttisáætlun.
- Fjárhagsáætlun.
- Mat á skólastarfi.
- **Mæling**
- Spurningar í starfsmanna- og foreldrakönnunum um það hve vel menn þekkja stefnu skólans, verkferla og samstöðu um að fylgja markmiðum skólans.

Mat og umbótastarf

Markmið

- Innan skólans fari stöðugt fram mat á skólastarfinu í samræmi við lög og reglugerðir, námskrár og kjarasamninga.
- Matið skal vera formlegt, langtímamiðað, greinandi og gera starfsfólki skólans auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólastefnunnar.
- Matið er liður í þróun skólans og skapar faglegan grundvöll fyrir umbætur.
- Matið er samvinnuverkefni og þátttaka starfshópa innan skólans er mismunandi eftir því hvað er verið að leggja mat á hverju sinni.
- Matið tekur til eftirtalinna þátta: Skólastefnu og markmiðs skólastarfsins, starfsmannamála, aðbúnaðar, stjórnunar og skipulags, líðan nemenda, agamála, náms og kennslu, námsmats-aðferða og þátttöku foreldra í skólastarfinu.
- Skólastjóri ber ábyrgð á því að reglulegt formlegt mat fari fram.

Leiðir

- Rýnt í stefnu skólans með reglulegu millibili.
- Nemendahópar rýna í ýmsa þætti skólastarfsins.
- Mat og endurskoðun á starfsmannahandbók – verklagsreglum.
- Starfsmannasamtöl.
- Könnun á viðhorfi foreldra til skólastarfsins.
- Starfsmannakönnun.

- Sjálfsmat kennara – mat á kennsluháttum.
- Skimun í lestri og ritun í tilteknum árgöngum.
- Skráning og eftirlit með árangri nemenda.
- Árleg eineltiskönnun í 4. – 10. bekk.
- Viðhorfskönnun meðal unglinga í 7. – 9. bekk.
- Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk.
- Ytra mat á neysluvenjum unglinga – Rannsókn og greining.
- Ytra mat fræðslufirvalda.
- Svótgreining meðal starfsmannahópa og umbótaáætlun í kjölfar greininga.

Mæling

- Starfsmannakönnun, eineltiskönnun og viðhorfskannanir foreldra og nemenda.
- Námsmat.

Gagnvirkt upplýsingaflæði

Markmið

- Við upplýsingamiðlun skal ávallt haft að leiðarljósi að foreldrar, nemendur, starfsmenn og skólayfirvöld hafi gott aðgengi að upplýsingum um skólann og starfsemi hans á hverjum tíma.
- Í samræmi við umhverfisstefnu Öldutúnsskóla skal ávallt leitast við að nota rafrænar leiðir við upplýsingagjöf hvort heldur sem er innan skólans eða til annarra aðila.

Leiðir

- Upplýsingar skulu vera aðgengilegar, settar fram með skýrum og einföldum hætti og til þess fallnar að auka möguleika foreldra á að taka virkan þátt í skólastarfinu.
- Lögð skal áhersla á rafræna upplýsingagjöf og ávallt leitast við að uppfæra netfangalista foreldra reglulega.
- Starfsmenn á skrifstofu hafi góða yfirsýn yfir skólastarfið og innra upplýsingastreymi til þeirra styðji markvisst við að svo verði.
- Heimasíða uppfærð reglulega.
- Starfsmenn skrái í upplýsingakerfi Mentors samkvæmt fyrirmælum í starfsmannahandbók.
- Innra upplýsinganet.
- Vikutíðindi – innanhúss.
- Starfsmannahandbók.

Mæling

- Hlutfall ánægðra foreldra og starfsmanna með upplýsingaflæði/upplýsingamiðlun frá skólanum.
- Heimasíða uppfærð a.m.k. einu sinni í viku.

Virk þátttaka nemenda – lýðræði í skólastarfinu

Markmið

- Nemendur taki þátt í lýðræðislegum vinnubrögðum í skólastarfinu og að skoðanaskipti og jafnrétti séu fyrirferðarmiklir þættir í daglegu starfi. Lýðræðisleg vinnubrögð hafa hér víðari merkingu en stjórnskipan, frelsi eða réttindi. Það á einnig við um þau gildi í samskiptum manna sem byggja á virðingu, vellíðan og virkni allra.
- Kennsluhættir, nám og félagsstörf hafi eftirfarandi áherslur: frumkvæði, sköpunargáfu, dómgreind, sjálfsvirðingu, samkennd, gagnrýna hugsun og skilning á samfélaginu, sögu þess og menningu.
- Námsmatsaðferðir séu hvetjandi og uppbyggjandi. Sjálfs- og jafningjamat skipi stóran sess.

Leiðir

- Góður stuðningur við starfsemi nemendafélags.
- Kenna nemendum að setja sér markmið og aðstoða þá við að vinna að þeim og meta hvernig þeim gengur það.
- Rökræður, heimspeki og siðfræði.
- Samvinnunám, hópvinna.
- Kennsla í félagsmálafræðum.
- Málstofur, þjálfun í ritun og munnlegri tjáningu.
- Lífsleikni – samfélagsumræður, rýna í upplýsingar í umhverfinu og tengja þessar upplýsingar við eigin reynslu og þarfir.
- Bekkjarfundir fastir liðir á stundatöflu nemenda.
- Metnaðarfullt félagsstarf sem byggir á miklu samstarfi skólastjórnar og nemenda.
- Starfandi séu nefndir og vinnuhópar sem falið er að rýna í skólastarfið og sinna ákveðinni verkefnastjórn, (s.s. skipulagsvinnu og framkvæmd verkefna í þágu nemenda og skólans sem heildar).
- Rýnihópar nemenda sem leggja m.a. mat á gengi SMT starfsins og umhverfisstefnunnar.
- **Mæling**
- Viðhorfskönnun meðal nemenda í 6. til 10. bekk.

Lærdómsumhverfi – símenntun, handleiðsla, ráðgjöf

Markmið

- Stjórnendur og aðrir starfsmenn hafi skýra sýn sem einkennist af fagmennsku og metnaðarfullum væntingum til allra sem innan skólans nema og starfa.
- Tryggja að í skólanum þróist fagþekking, þjónustulund og verkunnátta í samræmi við stefnu skólans.
- Að vinna starfsmanna sé metin að verðleikum og þeir hafi tækifæri til að meta og hámarka árangur sinn.
- Starfsmenn fái góðan stuðning og reglulega handleiðslu í störfum sínum. Sérstaklega er stutt við nýliða í kennslu og nýja starfsmenn.
- Virk símenntunaráætlun í samræmi við stefnu skólans og kjarasamninga.
- Stutt við þróun starfsmanna í störfum sínum og lögð áhersla á mat og árangur.

Leiðir

- Tryggja virkt ferli símenntunaráætlunar: (Undirbúningur, starfsmannafundur, starfsmannasamtöl, úrvinnsla, fræðsla, eftirfylgni og mat).
- Auka samvinnu á milli deilda og starfsmanna. Tryggja vettvang innan skólans þar sem starfsmenn miðla þekkingu sín á milli m.a. til að þróa nýjar leiðir í kennslu.
- Unnið verði að tengslum og samvinnu við háskóla, rannsóknaraðila á sviði kennslu og uppeldismála og aðra faghópa. Afla styrkja til þróunar- og samstarfsverkefna.
- Unnið eftir jafnréttisáætlun skólans.
- Unninn verði starfsmannasáttmáli skólans.
- Að þjálfa kennara í að innleiða markvissar aðferðir í hópastarfi nemenda með því að læra aðferðir samvinnunáms.
- Reglulegir fundir þar sem fram fer fræðsla og handleiðsla nýrra starfsmanna og nýliða í kennslu.
- Hver starfsmaður ber ábyrgð á að sækja símenntun í samræmi við símenntunaráætlun skólans, starfssvið sitt og kjarasamning og skrá símenntun sína.
- Yfirlit um símenntun allra starfsmanna ávallt fyririggjandi.
- Reglulega verði staðið fyrir fræðslu fyrir forráðamenn um uppeldi, nám, kennslu og nýtt

- námsefni.
- **Mæling**
- Viðhorfskönnun starfsmanna.

Liðsheild

- **Markmið**
- Vera samstíga að fylgja eftir stefnu og starfsreglum skólans.
- Starfsmannafélag skólans stuðli að góðri liðsheild með margvíslegum viðburðum og að stjórnendur styðji við það.
- **Leiðir**
- Skýr stefna.
- Skýrar verklagsreglur.
- Samráð og þátttaka allra sem að máli koma.
- Hrós og hvatning.
- Starfsmannafélagið (ferðir, lesklúbbar, uppákomur, skemmtanir).
- Sameiginleg útivist og hreyfing.
- Jafnréttisáætlun.
- **Mæling**
- Viðhorfskönnun starfsmanna.

Traust, virðing, ábyrgð

- **Markmið**
- Hafa jákvæð manngildi að leiðarljósi.
- Starfa í anda stefnu skólans og einkunnarorða: **Virðing, vellíðan, virkni.**
- Gagnkvæmur stuðningur í daglegum viðfangsefnum.
- **Leiðir**
- Reglur og ferill mála skilgreindur.
- Jafnréttisstefna.
- Áætlun gegn einelti.
- Taka strax á vandamálum sem upp koma í starfs-mannahópnum.
- Siðareglur KÍ.
- Lög og reglugerðir.
- Starfsmenn eigi greiðan aðgang að yfirmönnum.
- **Mæling**
- Viðhorfskönnun starfsmanna.

Ánægt og stolt starfsfólk

- **Markmið**
- Hrós, hvatning, frumkvæði og stuðningur er lykillinn að starfsánægju í hvetjandi starfsumhverfi.
- Halda á lofti því góða starfi sem unnið er í skólanum.
- Stuðla að sterkri og góðri samvinnu, (innan hvers árgangs, deilda og skólans alls).
- Starfsfólk finni að störf þess séu metin að verðleikum og það hafi tækifæri til að hámarka árangur sinn í starfi.
- Unnið að því að starfsmenn vinni við það sem hver og einn er best hæfur til, vinni af metnaði, séu ánægðir í starfi og jafnræðis gætt.

- **Leiðir**
- Starfsmannasamtöl.
- Hrós og hvatning.
- Símenntun við hæfi hvers og eins starfsmanns.
- Efla fagumræðu í starfsmannahópnum.
- Starfsaðstaða sé framsækin og nútímaleg.
- Hollusta og trúnaður við vinnustaðinn.
- Jákvæð umræða um skólann.
- Leitast sé við að hafa sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að jafnvægis sé gætt milli vinnu og fjölskyldulífs.
- Mæling á ánægju og líðan starfsmanna í starfi er hluti af reglulegu mati á skólastarfinu og umbótaáætlanir unnar út frá niðurstöðum mats.
- **Mæling**
- Viðhorfskönnun meðal starfsmanna.